



## ÞEKKING - NÁM SEPTEMBER 2007

### Fyrsta hugflæði nemenda – ÞEKKING?

Ekki það sem ég les  
í bókum

Viska:

- ef ég hef valkost,  
hvað vel ég
- þekking leiðir af sér  
visku
- ef maður veit að  
eitthvað er vitlaust  
gerir maður það ekki

Upplifun

Ef maður veit eitthvað

Ef ég geri eitthvað  
vitlaust þá veit ég að  
ég ætti ekki að gera  
það aftur

Lífsreynsla  
Eitthvað sem maður  
veit eftir að hafa gert  
eitthvað

- er ekki betra að  
gera eitthvað rétt  
en að gera það  
alls ekki, þ.e.a.s.  
ef ég get gert það  
aftur

*Þekkjja einhvern,  
þekkjja marga*

Hvernig er hægt að  
hafa þekkingu á  
tónlist?

- hvað hún heitir
- hvernig hún er  
spiluð
- tónlistarsaga

**MÆÐUR LÆRIR  
ÞEKKINGU, T.D. Í  
SKÓLANUM**

Heimspæki  
Þekking - nám

### Fyrstu spurningar nemenda:

- Hver fær að ráða hvað við lærum og af hverju? (Kalli)
- Af hverju þola krakkar ekki fulloröna fólkið? (Telma)
- Er skólakerfið réttlátt? (Hans)
- Hvað er það sem við virkilega lærum í skóla? (Elísabet)
  - og á það eftir að nýttast okkur á komandi árum?
  - sumt og annað ekki?
- Hvað er þekking? (Björk)
- Er hægt að hafa 100% rétt fyrir sér? (Siggi)
- Hvernig er hægt að fullyrða einhvern hlut eftir að hafa séð aðeins hlut af hlutnum? (Baldvin)

### Er hægt að hafa 100% rétt fyrir sér? (Siggi)

- Já, ég veit hvað ég vil, t.d. ég er þyrstur núna og vil drekka eitthvað
- Nei, af því að upplýsingar úreldest stöðugt
- Maður getur haft rétt fyrir sér um sjálfan sig en ekki um öðruvísi og stærri málefni

Mikilvægt að gera greinarmun á:

<b>Staðreynd: getur verið 100% rétt</b>	<b>Skoðun: ímynd mín af einhverju</b>
<p>Aldrei hægt að setja fram staðreynd um framtíðina</p> <p>Það er hægt að setja fram staðreynd um fortíðina, t.d. seinni heimstyrjöldin átt sér stað</p> <p>En HVENÆR getur maður verið 100% viss, t.d. um að hárið verði á sínum stað eftir 5 mínútur?</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• aldrei, ef pínulitlar líkur eru á að eitthvað gerist þá mun það gerast einhvern tímann</li><li>• það skiptir ekki máli, 99,5% vissa er alveg nóg til að geta slakað á yfir hárinu á sér</li></ul>	<p>Ef skoðun er um sjálfan mig, t.d. mér finnst Mountain Dew góður drykkur, þá er sú skoðun 100% rétt hjá mér</p> <p>Ef skoðun er um eitthvað utanaðkomandi, t.d. Er stríð einhvern tímann rétt?</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• nei, aldrei</li><li>• já, frá sjónarhóli sigurvegaranna</li><li>• já, ef góð þjóð sigrar slæma</li></ul> <p>Annað dæmi: Er til fullkomin þjóð, t.d. Ísland?</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• getur þessi skoðun verið 100% rétt?</li><li>• getur ekki verið 100% rétt því það er ekki til fullkomin, ég vil ekki að hún sé til því slík skoðun veldur stöðnun</li><li>• Það yrðu bara aldrei allir sammála, það spilar svo margt þarna inn í</li><li>• Hvað er fullkomin þjóð? (menntun, samgöngur, ekki stríð, ekki fátækt, næg vinna, nóg að borða, engin plága, góð heilsugæsla, málfrelsi, frelsi, lýðræði...) – það verða aldrei allir sammála um öll þessi atriði, fer mjög mikið eftir því hvað maður elst upp við og venst</li><li>• T.d. lýðræði – er það betri trygging gegn illu einræði heldur en góður einræðisherra? (báðar gerðirnar hafa klikkað og leiðst út í illa valdstjórn)</li></ul>

Heimspæki  
Þekking - nám

### **Pælingar nemenda í lok tímans 21. september:**

- Er hægt að hafa 100% rétt fyrir sér?
  - Það er hægt að hafa 100% rétt fyrir sér um fortíðina en það er aldrei hægt að vera 100% viss um framtíðina.
  - Nei, það er ekki hægt því þú veist aldrei hvað getur gerst.
  - Já, um staðreyndir.
  - Nei, allar upplýsingar verða úreltar
  - Já það er hægt en hinsvegar er það samt ekki hægt. Svo, já og nei.
  - Það er hægt með staðreyndir og fortíð en ekki með framtíðina.
  - Já og nei. Þín skoðun er rétt á þína vegu en það sem gerist í framtíðinni er jafn ólíklegt og það er líklegt, það er ekki 100%
- Samræðan gekk vel því það voru mismunandi skoðanir á spurningunum.

### **Hvað er það sem við virkilega lærum í skóla? (samræða hefst 26.09)**

- Við lærum nýjustu þekkinguna á hverju sviði.
  - er það? við lærum til dæmis 50 ára gömul ljóð!
- Við lærum margt sem við þurfum aldrei að nota:
  - t.d. dönsku, málfræði, algebru...
  - það er gaman að læra margt og öðlast breiða þekkingu
  - maður veit aldrei fyrirfram hvað maður þarf að nota í framtíðinni
  - En hvernig gagnast t.d. danska og málfræði og algebra?
    - hvar gagnast það? af hverju ætti maður að læra þetta?
- Við lærum margt til að fá almennan undirbúning, maður veit aldrei fyrirfram hvað getur gagnast manni
- Það er í lagi að fullorðnir ákveði fyrir börn hvað þau eigi að læra því fullorðnir hafa meiri þroska, reynslu og yfirsýn og geta því betur tekið þessar ákvarðanir
  - unglingar eiga þó að fá aukið val um nám sitt með auknum þroska

### **Er skólakerfið réttlátt?**

- Já, svo lengi sem það er hlustað á nemendur og einhvers konar lýðræði er í gangi
- Einstakir kennarar eru stundum óréttlátir, t.d. þegar þeir hlusta alls ekki á nemendur og vinna ekki vinnuna sína (að kenna) nógu vel
-

Heimspeki  
Þekking - nám

### **Að vita = að vera viss? (samræða 02.10)**

Við byrjuðum samræðuna á því að ræða út frá dæmisögunni um kúna Daisy:

Herra Field er mjög umhugað um verðlaunakúna sína, hana Daisy. Hann er reyndar svo áhugasamur um velferð kýrinnar að þegar fjósamaðurinn kemur til Herra Field og segir honum að Daisy liggi jórtrandi úti í haga þá segist Herra Field verða að fá fullkomna vissu um það. Honum dugar ekki að vera 99% viss um að Daisy sé örugg, hann vill geta sagt að hann *viti* að Huppa sé örugg.

Herra Field gengur út að haganum og þar sem hann stendur við hliðið á girðingunni sér hann í fjarska, bakvið nokkra runna, svart og hvítt mynstur sem hann kannast vel við sem feldinn á uppáhalds kúnni sinni. Hann fer aftur í fjósið og segir fjósamanninum að hann *viti* að Daisy sé í haganum.

Veit Herra Field, á þessum tímamarki, að Daisy sé í haganum?

Fjósamaðurinn segir að hann líka fara og gæta að kúnni þannig að hann gengur út í hagann. Þar finnur hann Daisy sofandi bakvið runnanna. Það var útilokað að sjá hana frá hliðinu. Fjósamaðurinn sér líka pappadrasl sem fokið hefur inn í hagann. Pappinn er hvítur og bröndóttur og er flæktur fastur í runnunum.

Daisy er í haganum, alveg eins og Herra Field hélt. En gat hann sagt að hann *vissi* að hún væri þar?

- Herra Field hélt að Daisy væri í túninu. En gat hann sagt að hann vissi það?
- Allir hópar svöruðu um það bil eins: Herra Field getur ekki verið viss um að Daisy sé í túninu af því að...
  - ...hann sá kúna ekki með berum augum
  - ...það geta verið líkur á að hann hafi séð eitthvað annað en kúna
  - ...þótt hann hefði séð kúna þá getur hann ekki treyst því að ástandið haldist óbreytt.

Heimspeki  
Þekking - nám

En veit Herra Field samt ekki að Daisy er örugg í túninu, þótt hann geti ekki verið 100% viss?

- **Til að VITA eitthvað verður maður að vera 100% viss** (og þá er ekki hægt að vita neitt nema það sé staðreynd)
- Það sem maður veit verður að vera RÉTT – og það sem er rétt getur alls ekki verið þannig að það séu örlytlar líkur á að hlutirnir séu öðruvísi...
- Get ég vitað eitthvað ef „ALLIR SEGJA ÞAÐ“ – t.d. þegar allir sögðu og trúðu því að jörðin væri flöt – vissi þetta fólk þá að jörðin væri flöt?

Vitað	Ekki vitað
<ul style="list-style-type: none"><li>• ég get vitað hver TL er fyrir mig</li><li>• staðreyndir</li><li>• ég sá það</li><li>• ég verð að hafa séð það með berum augum</li><li>• þegar ég hef gott samhengi – er ekki „lokuð inni í kassa“</li><li>• nauðsynlegt að halda og trúna því sem ég veit</li><li>• eru til sannanir</li><li>• við höfum mjög mörg dæmi um þetta</li><li>• verð að hafa séð eða heyrt af því</li><li>• allt mitt líf hefur ekkert bent til annars</li><li>• orðið er notað svona: skilgreiningaratriði</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• það sem ég bý bara til sjálf</li><li>• ég get ekki vitað eitthvað sem er ekki til</li><li>• ef ég er alltaf „lokuð inni í kassa“</li><li>• ef einhver er ósammála – en það er samt ekki nóg til að hnekkja þekkingunni</li><li>• ekki til nógu góðar sannanir</li><li>• þegar ég hef ekki séð öll tilföll, skoðað allan heiminn</li><li>• ekki nægar upplýsingar</li></ul>

**Lokaorð nemenda (af WIKI 11. október):**

- Þekking er samanblanda af visku, viti og reynslu. (battinator)
- Þekking er eitthvað sem er vitað. Hafa séð eitthvað, en ef maður hefur séð allan garðabæ er hægt að hafa þekkingu yfir Garðabæ? (sykurskertur...) Að mínu mati þarf eitthvað aðeins meira en bara að sjá allan Garðabæ til að það teljist þekking. Segjum sem svo að ég væri fæddur og alinn upp í Bandaríkjunum og hefði aldrei komið til Íslands og mér væri hent upp í flugvél og sendur til Íslands, og þaðan færi ég beint upp í rútu og færi í smá "sightseeing" um Garðabæ þá gæti ég ekki sagt að ég væri kominn með neina sérstaka þekkingu á Garðabæ. Til að fá þekkingu á Garðabæ myndi ég t.d. fá einhvern garðbæing til að segja mér frá, kannski kíkja í einvherja bækur ef þær eru til staðar og lesa mig til og kynna mér bæinn, þá væri ég kannski kominn með einvherja þekkingu. Allavegana er það mín skoðun..... (kjarri)
- Þekking er fyrir mér, eitthvað sem maður telur sig vita nokkuð mikið um, t.d. veit ég að það er Kínamúr í Kína, en mér finnst það ekki vera nóg til að kalla þekkingu þar sem ég hef aldrei haft þolinmæði til að lesa mig til um Kínamúrinn, eða neina reynslu á einvherju tengdum honum og hef aldrei séð hann. Til að hafa þekkingu verður maður að hafa kynnt sér hlutina

## Heimspæki Þekking - nám

betur, sjálfviljugur eða ekki, með bókalestri eða á reynslu eða jafnvel bara ósjálfrátt. Ég tel skoðanir ekki vera neina sérstaka þekkingu, en ég lít svo á að staðreyndir séu þekking, og einfaldlega byggist þekking á staðreyndum, eða öllu heldur er það mín skoðun. (kjarri)

- þekking er eitthvað sem maður veit eða maður heldur að maður viti. það er mismunur á álit og staðreind: staðreind er að ég er að skrifa við tölvu og ekki er hætt að deila mikið meira um það. Álit er t.d. að mér finnist hákarll vont en stefáni finnist það gott þettaer ekki eitthvað sem hætt er að hafa 100% rétt fyrir sig en er áli eða skoðun áhveðna aðalags eða fólks.(siggs)
- Þekking fyrir mér er til í mörgum formum. Þekking er e-ð sem þú veist eða heldur eða hefur verið sagt. Staðreyndir og Skoðanir eru ekki það sama og það er t.d ekki hægt að komast að einni skoðun um skoðanir því hver hefur eina og sér skoðun sem þýðir ekki að reyna að breyta þó svo að þú getur breytt viðhorfi einstaklingsins. Þekking og viska eru heldur ekki sami hluturinn og er viska, að mínu mati, e-ð sem þú lærir í bókum og í skóla og ekki svona orð yfir almenna þekkingu. Þekking getur verið e-ð sem þú hefur lært á lífsleiðinni eða sem þér hefur verið sagt eða e-ð sem þú þekkir þig ágætlega um á því eina sviði. Núna þegar að umræðunni um þekkingu er lokið hef ég lært betur að skilgreina visku frá þekkingu og skoðanir frá staðreyndum. Þetta hefur verið mjög áhugaverð umræða.(elísabethanna)
- fleira skrifað á WIKI.....